



Velferðarráð
b.t. Bjargar Baldursdóttur formanns

Kópavogi, 22. maí 2024
24042372/005.05 Sp

Varðar: Svar við fyrirspurn bæjarfulltrúa Pírata um stöðu mála er varðar þjónustu við heimilislauslausa einstaklinga með flóknar og umfangsmiklar stuðningsþarfir

Á 132. fundi velferðarráðs þann 26. apríl 2024 var eftirfarandi fyrirspurn lögð fram og henni vísað til úrvinnslu sviðsstjóra velferðarsviðs.

Sigurbjörg Erla Egilsdóttir aðalmaður Pírata í velferðarráði óskar eftir að fá minnisblað um samráðsverkefni sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, sem Kópavogsbær tók þátt í, um málefni heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir. Hver er staða mála varðandi þetta verkefni og hvað er áætlað að gera á þessu ári í þessum málaflokki?

Forsaga

Árið 2022 hófst formlegt samráðsverkefni sveitarfélaganna Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness um málefni heimilislausra með miklar og flóknar stuðningsþarfir. Vinna við verkefnið hófst formlega í ágústmánuði sama árs og var Þorbjörg Helga Þorgilsdóttir lögfræðingur ráðin sem tímabundinn verkefnastjóri til 6 mánaða til þess að leiða verkefnið, kortleggja stöðuna og koma með tillögum. Bæjarstjórn Kópavogsbæjar hafði þá þegar samþykkt fjárheimildir til þess að standa straum af kostnaði vegna vinnu verkefnastjóra og skiptu sveitarfélögin kostnaði á milli sín og var miðað við íbúafjölda.

Að baki verkefninu stóðu sviðsstjórar velferðarsviða fyrrnefndra sveitarfélaga sem mynda samráðshóps á vettvangi velferðarmála innan SSH. Markmið verkefnisins voru að greina hóp þeirra einstaklinga í sveitarfélögunum sem um ræðir sem eru í brýnni húsnæðisþörf og með miklar og flóknar þjónustuparfir, að greina húsnæðisrými sem fyrir hendi voru, móta tillögur til úrbóta og leggja fram drög að stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir í anda Housing first og skaðaminnkandi nálgunar.

Verkefnastjóri kynnti stöðu verkefnisins og drög að tillögum á fundi velferðarráðs í janúar 2023 en skýrsla með endanlegum tillögum var lögð fyrir fund stjórnar SSH þann 17. apríl 2023 og var sviðsstjórum velferðarmála umræddra sveitarfélaga, í samráði við framkvæmdastjóra SSH, falið að vinna frumkostnaðaráætlun vegna innleiðingar tillagna og forgangsroðun þeirra.

Helstu niðurstöðum skýrslunnar er skipt upp í fjóra liði sem eru:



Tillaga 1 – Styrkja stoðir málaflokksins innan starfssviða aðildarsveitarfélaganna

Tillaga 2 – Vettvangs- og ráðgjafarteymi og HF húsnæði

Tillaga 3 – Dagsetur fyrir heimilislausa og staðbundið neyslurými

Tillaga 4 – Uppbygging sértækra húsnæðisúrræða fyrir heimilislausa

Nánar er vikið að hverri tillögu fyrir sig í skýrslu verkefnastjóra sem gefin var út í mars 2023 (sjá nánar fjsk) en lokadrög skýrslunnar og tillögur voru einnig kynntar á fundi velferðarráðs þann 24. apríl 2023.

Staða mála er varðar samráðsverkefni sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og hvað er framundan

Frá því að skýrsla verkefnastjóra um heimilislausa einstaklinga með flóknar og umfangsmiklar stuðningsþarfir var kynnt formlega á stjórnarfundum SSH og á vettvangi aðildarsveitarfélaganna hefur reglulega verið fjallað um stöðu málaflokksins á samráðsfundum SSH VEL hópsins.

Í aðdraganda fjárhagsáætlunargerðar haustið 2023 fyrir fjárhagsárið 2024 var óskað eftir viðbótarfjárheimildum svo unnt væri að taka þátt í styrkingu VOR teymisins með viðbótarstöðugildum sem skiptust í hlutfalli við íbúafjölda á milli sveitarfélaganna sem og fjárheimildum vegna mögulegs samstarfs um reksturs Dagseturs. Þar sem ekki fengust viðbótarfjárheimildir vegna þessa var sviðsstjóra falið að skoða útfærslu aðgerða innan gildandi fjárheimilda. Reykjavíkurborg og Mosfellsbær gerðu ráð fyrir viðbótarfjárheimildum vegna aðkomu að styrkingu VOR teymisins en önnur sveitarfélög höfðu ekki svigrúm til þess. Samráðsvettvangur SSH VEL hefur því lagt áherslu á að horfa til aðgerða og verkefna sem hægt væri að hefja og væru innan gildandi fjárheimilda þar sem málaflokkurinn er brýnn og þarf styrkingar við.

Lengri opnun á kaffistofu Samhjálpur í stað dagseturs

Haustið 2023 ákváðu sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu auk Reykjavíkurborgar að ganga til samninga við Samhjálp um vetraropnun á kaffistofu Samhjálpur. Með því móti var hægt að skapa samfellu í þjónustu við heimilislausa einstaklinga þar sem neyðarskýlin loka alla jafna kl. 10:00 að morgni og opna ekki aftur fyrr en kl. 17:00 síðdegis. Viðbótaropnun fólst í því að kaffistofa Samhjálpur opnaði um leið og neyðarskýlin lokuðu og var opið til 16:30. Aukin opnunartími var frá desember 2023 til marsloka 2024. Sjá nánar fjsk. um lengda opnunartíma. Samstarfið við Samhjálp gekk mjög vel og brýnt að horfa til framtíðar þar sem liggur fyrir að frá hausti og fram á vormisseri geta veður verið válynd og mikill kuldi fylgir gjarnan. Mikill vilji er meðal SSH VEL hópsins að festa samstarf við Samhjálp í sessi með lengri vetraropnun og brýnt að móta tillögu þess efnis tímanlega svo tryggt sé að þeir einstaklingar sem nýta sér kaffistofu Samhjálpur þurfi ekki að búa við óvissu og kvíða í aðdraganda vetrarmánaða. Fjárheimildir vegna viðbótaropnunar rúmuðust innan fjárheimilda velferðarsviðs vegna styrkja til félagsamtaka.

Þjónustusamningur við velferðarsvið Reykjavíkurborgar um gistiskýlin

Velferðarsvið Kópavogsbæjar og Reykjavíkurborgar hafa um nokkurra ára skeið gert með sér þjónustusamning er varðar þjónustu neyðarskýlanna sem borgin rekur en um er að ræða neyðarskýlin að Aflagrandi, Lindagötu og Konukot. Einstaklingar með lögheimili í Kópavogi fá aðgang að neyðarskýlunum meðan að húsrúm leyfir og greiðir Kópavogsbær gistináttagjald pr. nótt fyrir einstakling. Að jafnaði hafa um sex til sjö einstaklingar með skráð lögheimili hjá Kópavogsbæ nýtt sér gistiskýlin í mánuði en gistináttagjaldið er 48.749.- kr.



(m.v. apríl 2024) og greiðir bærinn fyrir alla sem nýta sér þjónustu neyðarskýlanna. Engum er vísað frá neyðarskýlum nema um sé að ræða alvarleg brot á húsreglum s.s. ógnandi hegðun og framkomu í garð annarra einstaklinga eða starfsfólks og eru ákvarðanir um frávísanir á ábyrgð rekstraraðila. Ekki eru uppi áform um að setja á laggirnar neyðarskýli í Kraganum heldur er horft til áframhaldandi samstarfs við Reykjavíkurborg um starfsemi skýlanna, fjármögnun og rekstur.

2023	Samtals	Nætur	Einstaklingar	Gjald pr. nótt
Janúar	2.415.616	112	7	21.568
Febrúar	1.683.759	77	7	21.867
Mars	1.671.696	76	6	21.996
Apríl	1.448.460	65	7	22.284
Maí	4.876.000	106	7	46.000
Júní	4.706.802	101	6	46.602
Júlí	6.970.816	149	8	46.784
Ágúst	4.104.660	87	7	47.180
September	4.058.856	86	7	47.196
Október	3.920.092	82	7	47.806
Nóvember	2.803.739	59	6	47.521
Desember	2.916.166	61	6	47.806
Samtals:	41.576.662 kr	1061	6,8	

2024	Samtals	Nætur	Einstaklingar	Gjald pr. nótt
Janúar	1.295.676	27	3	47.988
Febrúar	1.060.092	22	6	48.186
Mars	1.443.210	30	6	48.107
Apríl	1.218.725	25	3	48.749
Samtals:	5.017.703 kr	104	4,5	

Mynd 1. Yfirlit yfir nýtingu neyðarskýla árin 2023 og 2024.

VOR teymið og áfangaheimili Samhjalpar

Ein af tillögum í skýrslu verkefnastjóra fólst í eflingu VOR teymisins svokallaða. Skv. kostnaðarmati var gert ráð fyrir styrkingu teymisins og fjölgað yrði um tvö stöðugildi með þátttöku allra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Viðbótarkostnaður vegna þessa er um 8 m.kr. á ársgrundvelli þar sem flestir íbúar sveitarfélaganna í Kraganum sem nýta sér neyðarskýlin utan Reykjavíkurborgar, eru einstaklingar með skráð lögheimili í Kópavogi. Þrátt fyrir að ekki hafi fengist fjármagn á árinu 2024 til styrkingar teymisins er mikill vilji hjá Velferðarsviði Kópavogsbæjar að setja á laggirnar ráðgjafateymi eða bakhóp um málefni heimilislausra með flóknar og miklar stuðningsþarfir þeirra fagaðila sem starfa innan málaflokksins hjá sveitarfélaginu. Sviðsstjóri velferðarsviðs hefur ávarpað þá tillögu á samráðsvettvangi SSH VEL hópsins og er framkvæmdastjóri SSH einnig upplýstur um jákvæða afstöðu vegna þessa. Þar sem ekki liggur fyrir hversu umfangsmikil vinna VOR teymis felst í að þjónustu íbúa með lögheimili utan Reykjavíkurborgar er tillaga til umræðu um að setja á laggirnar óformlegri samráðsvettvang til þess að byrja með sem getur kortlagt betur stöðu þeirra einstaklinga sem um ræðir án þess að kosta þurfi til viðbótarstöðugildum. Hjá Velferðarsviði Kópavogsbæjar er nú starfandi félagsráðgjafi á nýrri skrifstofu félagslegs húsnæðis en viðkomandi starfaði áður í ráðgjafa- og íbúðadeild sem var lögð niður við



skipulagsbreytingar sem tóku gildi á sviðinu í upphafi árs 2023. Félagsráðgjafinn hefur afar dýrmæta og umfangsmikla þekkingu á málaflokknum og heldur td. utan um málefni þeirra íbúa sem dvelja á áfangaheimilinu að Dalbrekku 27 sem er starfrækt með þjónustusamningi við Samhjálp en þar er pláss fyrir 8 karlmenn sem eru að koma undir sig fótunum eftir að hafa lokið afplánun eða langtímameðferð vegna vímuefnavanda. Edrúmennska er skilyrði á heimilinu sem hefur gott orðspor og heldur vel utan um þá einstaklinga sem þar dvelja en félagsráðgjafi á skrifstofu félagslegs húsnæðis er auk þess með vikulega viðveru á áfangaheimilinu. Aðrir félagsráðgjafar á skrifstofu ráðgjafar sinna einnig almennri félagslegri ráðgjöf og stuðningi til þeirra einstaklinga sem eru heimilislausir og þurfa mikinn stuðning. Á skrifstofu þjónustu og sértækrar ráðgjafar er jafnframt starfrækt teymi sem þjónustar fullorðið fólk sem þarf vegna stuðningsþarfa sinna umfangsmikla þjónustu til þess m.a. að geta búið í sjálfstæðri búsetu með stuðningsþjónustu og góðri eftirfylgd.

Samantekt

Mikil vinna hefur átt sér stað innan velferðarsviðs frá því að skipulagsbreytingar tóku gildi í að móta nýtt og breytt verklag þvert á sviðið. Stuðningur vegna húsnæðismála hvort sem er félagslegt húsnæði eða sértæk búsetuúrræði með stuðnings- og stoðþjónustu til þeirra sem þurfa á að halda er nú á ábyrgð nýrra fagskrifstofa sem eru að móta nýtt verklag og efla samstarf sín á milli.

Í aðgerðaáætlun ársins 2024 eru nokkrir liðir sem fjalla um þjónustu við heimilislausa einstaklinga og má þar helst nefna að skoðaður verði möguleikinn á aðkomu að rekstri Dagseturs í samstarfi við hin sveitarfélögin en eins og vikið var að hér að framan var ákveðið að ganga til samninga við Samhjálp um lengda opnun á kaffistofu Samhjálpar sem hefur þegar raungerst og mikilvægt að móta áfram.

Í aðgerðaáætlun er jafnframt fjallað um eflingu fræðslu til handa starfsfólki sem þjónustar umræddan hóp og eins að hugað verði að stefnumótun í málaflokknum í heild sinni en sú vinna er að hefjast og kallar á mikið og gott samstarf allra fagskrifstofa velferðarsviðs sem og heildarsýn á málaflokknum til lengri tíma litið á milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu hvort sem horft er til félagslegrar ráðgjafar, sértækrar stuðnings- og stoðþjónustu eða uppbyggingu að studdri búsetu. Mikilvægt er að styðja einstaklinga sem eru í bata með endurhæfingu á lokametrum langtímameðferðar og að lokinni meðferð og ýmsir möguleikar til staðar m.a. samstarf við önnur sveitarfélög um þjónustu. Tímabundin búseta á áfangaheimili er oft raunhæfur kostur í framhaldi af meðferð og þá á meðan einstaklingur er að byggja upp rútinu í daglegu lífi edrú og vinna að framgangi áætlunar varðandi bata svo sjálfstæð búseta með stuðnings- og stoðþjónustu sé raunhæfur valkostur til framtíðar. Í framhaldi af dvöl á áfangaheimili getur enn verið þörf fyrir stuðning í almennri búsetu, hvort heldur í félagslegu leiguhúsnæði eða á almennum leigumarkaði. Sama á við þá sem ljúka meðferð og hafa í húsnæði að venda en þurfa stuðning í bústu til missa ekki húsnæði komi bakslag í bata. Vettvangsteymi og húsnæðisteymi, væri afar góður valkostur sem enn öflugra samstarf milli fagskrifstofa og eins milli sveitarfélaganna þar sem til staðar er dýrmæt þekking á málaflokknum m.a. hjá Reykjavíkurborg sem er mikilvægt að nýta og efla enn fremur samstarf og samvinnu.

Virðingarfyllst,

Sigrún Þórarinsdóttir
Sviðsstjóri velferðarsviðs



Kópavogur

Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08 2026